

## „Hvort fékkstu ... ?“

Fyrsta spurningin í lífi hvers einstaklings hér á Ísaköldu landi snýst um kynferði. Svo óendanlega mikilvægt er öllum að raða hinum nýfædda þegni inn á kynlegan bás að spurningin um hvort fæðst hafi stúlka eða drengur gengur fyrir smáatriðum eins og hvort krakkinn sé þokkalega heilbrigður og hvort móðirin hafi lifað af fæðinguna. Þetta ofurkapp á kynferði barnsins getur verið skiljanlegt í ríki kínverskra þar sem kvótinn er einn krakki á fjölskyldu og stúlkubörn gjarnan borin út - eða inn á munaðarleysingjahæli eins og vestrænar fræðslumyndir sýna og segja. Við slíkar aðstæður verður kyngreiningin að sitja fyrir þar eð hún ákvarðar lífslíkur viðkomandi.

Á Íslandi er kvóti á þorski og sauðfé - en ekki á fæðingum mannskepnunnar. Væntanlega er ætlan samfélagsins að fjósemi og velferð fari vel saman á lífsins gönguför og skv. jafnréttislögum skyldi ætla að stúlkur og drengir væru ámóta velkomin í heiminn. Því í ósköpunum skyldi þá liggja svo á að fá á hreint hvort barnið sé stelpa eða strákur eða eins og sagt er við hina nýbökuðu foreldra: „Hvort fékkstu?“

Það skyldi þó ekki vera að kynferðið skipti máli fyrir lífsmöguleikana - hér rétt eins og í Kína og að samfélagið þurfi svar við kynferðinu til að hefja án tafar viðeigandi - og ólíka - meðhöndlun á krakkanum eftir því hvort kynið á í hlut. Rannsóknir á Vesturlöndum sýna nefnilega að stúlkur og drengir búa við gerólíkt hlutskipti, allt frá viðbrögðum og viðhorfum foreldra á fæðingardeildinni og yfir til launakjara á atvinnumarkaði - og allt þar á milli.

Því get ég séð fyrir mér að í stað þess að vinir og frændfólk spyrji foreldra spurningarinnar „hvað fékkstu“ væri nær að halla sér yfir barnavagninn og vöggustokkinn og spyrja hina nýkomnu lífveru með samúð: „Hvað færðu?“

### Hugarburður?

Nóg er vitað um hvernig menning okkar úthlutar kynjunum af gnægtaþorði tilverunnar og við, uppalandur heima og heiman, erum verkfæri í höndum hennar. Okkur „finnst“ öllum að við komum eins fram við kynin, að við bjóðum þeim sömu möguleika og gefum þeim jafnmikla hvatningu - en staðreyndin er að rannsóknir sýna fram á hið gagnstæða, nefnilega að kynferðið ákvarði hvað gefst. Reyndar þarf ekki formlega uppalandur s.s. foreldra eða kennara hinna ýmsu skólastiga til - það er nóg að bregða sér í blómabúð og fjárfesta í blómvendi í tilefni fæðingar og meira að segja afgreiðslufólkið vill vita kyn barnsins áður en það raðar saman blómvendinum!

Lítið dæmi af lítilli rannsókn á nýburum segir sína sögu um viðhorf foreldra sem voru að eignast sitt fyrsta barn. Í fyrstu vikunum voru foreldrarnir beðnir um upplýsingar um að meta lengd, þyngd og líkamsstyrk svo dæmi séu tekin og ágiskanir þeirra síðan borin saman við beinharðar mælingar. Í ljós kom að foreldrarnir ofmátu piltana sína, töldu þá stærri, þyngri og kraftmeiri en þeir voru í raun og veru. Foreldrar stúlkanna vanmátu þær hins vegar, töldu þær minni, léttari og viðkvæmari en mælingarnar sýndu. Staðreyndin var að enginn mælanlegur munur fannst á stúlkum og drengjum í þessu úrtaki - kynjamunurinn var aðeins í höfðum foreldranna og því álitamál hvort lýsa eigi framtíðarmöguleikum barnsins með hugtakiinu „hugarburður“ fremur en „frumburður“ þar sem atgervi frumburðarins var hugarburður einn.

Fjölmargar aðrar rannsóknir hafa verið gerðar á ungum börnum - og niðurstöðurnar ávallt þær sömu. Kynjamunur finnst ekki - nema þá að drengir eru „veikara kynið“ þar sem einhver munur er. Þannig reynast fleiri fósturlát verða með drengjafóstur, fæðing stendur að meðaltali lengur við drengjafæðingar og vöggudauði er tíðari hjá drengjum.

### **Bróður- eða systurpartur?**

Hlutskipti kynjana hefur verið þaulrannsakað í skólastarfi á Vesturlöndum, bæði í leikskólum, grunnskólum svo og á efri skólastigum - og því miður ber þar allt að sama brunni. Tilraun skólafólks til að gefa stúlkum og drengjum sömu möguleika í hefðbundnu, kynjablönduðu starfi hefur beðið skipbrot. Þó svo að kynin séu á sama stað á sama tíma með sömu tilboð er hlutskipti þeirra gerólíkt.

Svo dæmi sé tekið sýna fjölmargar rannsóknir að bein mismunur er milli kynja hvað varðar athygli, leiðsögn, hvatningu, leikrými og tíma. Stúlkubörnum falla í skaut um fjórðungur þessara gæða þegar best lætur en drengir yfirtaka um 75%. Tap stúlkanna er augljóst - og óviðunandi. Tap drengjanna hefur of lítið verið skoðað - en það er fyrir hendi og jafnóviðunandi. Bróðurparturinn þeirra felst of oft í neikvæðri athygli, skömmum og nöldri til fárra sem byggir upp þá almennu drengjasjálfsmynd að þeir séu óalandi og óferjandi en um leið óendanlega mikilvægari en stúlkurnar. Ástþór Ragnarsson sálfræðingur hefur bent á „gjald karlmennskunnar“ sem í skólakerfinu felst m.a. í að þeir fylla hópinn sem þarf séraðstoð s.s. sérkennslu og sálfræðiþjónustu og þeir lenda í klípum vegna hegðunarvandkvæða. Á meðan bíða stúlkurnar eftir sínum ofurlitla „systurhlut“ - og gleyma að þeim ber betra hlutskipti.

### **Enga uppgjöf, takk!**

Félagsmótun, kynhlutverkþjálfun, sálfræðileg líkindi og hegðunarleg ólíkindi kynjanna, það er af nógu að taka. Þessum litl pistli er ekki ætlað það hlutverk heldur það eitt að minna á og vera brýning til dáða. Stúlkurnar okkar og drengirnir okkar eru margfalt meira virði en svo að við getum leyft okkur að láta hugsunarleysi og hugarburði bera þau inn í gömul kynlutverk þar sem allir bera skertan hlut frá borði. Hvernig geta uppalendur gefið báðum kynjum möguleika á að vera til á sínum eigin forsendum þar sem strákar fá að vera strákar og stúlkur fá að vera stúlkur - og um leið gefið þeim jákvæða þjálfun í þeim eiginleikum og möguleikum sem þau hafa verið svikin um í krafti kynferðis? Á þann hátt væri gerlegt að gefa öllum jafnan hlut og til þess verður að leita leiða, - þau eiga það skilið.

**Margrét Pála Ólafsdóttir 25. janúar 1996**

*Skrifað fyrir Menningahandbókina í Reykjavík*